

Til umhverfisnefndar Alþingis

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2145  
komudagur 11.4.2008

10. apríl 2008

Undirrituð óskar að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd vegna

**frumvarps til skipulagslaga, á þingskjali nr. 616, mál nr. 374:**

Við 2. mgr. 12. gr. IV kafla, þar sem kveðið er á um stefnu varðandi landnotkun og byggðaþróun, á eftir orðunum „vatnsvernd, samgöngur“ komi „eldvarnir í skóglendi“ á undan orðunum „o.fl.“

Málsgreinin hljóðar þá svona:

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðaþróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, eldvarnir í skóglendi o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.

Greinargerð:

Árið 2007 var haldið upp á 100 ára afmæli skógræktar á Íslandi, en á undanförunum tveimur áratugum hefur skógrækt aukist á landsvísu, einkum í kjölfar laga um landshlutaverkefni í skógrækt þar sem segir að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006).

Við aukna skógrækt hafa skapast nýjar aðstæður varðandi eldhættu. Nauðsynlegt er að huga að þessari vá með því að gera ráð fyrir eldvörnum í skóglendi sem hluta skipulagsáætlana, enda er það meðal markmiða skv. 1. gr. frv. að löggin skuli stuðla að því að „þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi“.

Samkvæmt upplýsingum frá Almannavörnum (áhættugreining) er litið svo á að skógareldar falli undir „náttúruvá“. Það er því orðið tímabært að litið sé til þessa áhættuþáttar við áætlanagerð, bæði í væntanlegri/væntanlegum landsáætlunum sem eru nýmæli í frumvarpinu og í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, sem og í landshlutaáætlunum um skógrækt, í þjóðskógum landsins og e.t.v. víðar.

Virðingarfyllst,

K. Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi  
Fitjum, Skorradal.